

VIÐSKIPTASKILMÁLAR

1. Almenn

Orkufjarskiptum hf. er heimilt að leigja fyrirtækjum með fjarskiptaleyfi frá Póst og fjarskiptastofnun umframforða sinn af ljósleiðarasamböndum.

Skilmálar þessir gilda fyrir notkun leigutaka á ljósleiðarasamböndum í eigu Orkufjarskipta.

Ljósleiðarasamband er óvirkjuð gagnaflutningsleið milli tveggja tengistaða. Með ljósleiðarasambandi er átt við einn eða fleiri ljósleiðaraþræði. Orkufjarskipti áskilja sér rétt til að gera breytingar á skilmálum þessum og eru slíkar breytingar kynntar á vefsíðunni www.orkufjarskipti.is með a.m.k. 60 daga fyrirvara.

Leigutaki ber fulla ábyrgð á greiðslum til Orkufjarskipta vegna notkunar á ljósleiðarasamböndum.

Orkufjarskipti ábyrgjast ekki tjón sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptakerfis Orkufjarskipta, hvort sem slíkt má rekja til ljósleiðarabilana eða annarra ástæðna.

Leigutaki er réttihafi ljósleiðarasambanda og ber fulla ábyrgð á notkun þeirra samkvæmt lið 2.

Aðgangur Leigjanda að ljósleiðara er á endatengistöðum eða í tengibrunnum. Orkufjarskipti leggja Leigjanda til upplýsingar um staðsetningu á mögulegum tengingum á leið strengsins.

Orkufjarskipti leggja ekki til aðstöðu fyrir búnað. Orkufjarskipti veita Leigjanda ekki netþjónustu né nokkra aðra fjarskiptaþjónustu um leiða ljósleiðara.

2. Tenging við ljósleiðarastreng

Tenging verður aðeins gerð í samráði við Orkufjarskipti og með þeim hætti sem Orkufjarskipti samþykkir. Við tengingar og aðrar viðbætur skal fylgja fyrirfram ákveðnum verklagsreglum Leigjanda sem Orkufjarskipti samþykkir. Ber Leigjanda að undirbúa vandlega tengingu þannig að tryggt verði að engar truflanir verði á annarri notkun á strengnum. Leigjandi gerir áætlun um tengingu og skal hann kynna Orkufjarskiptum hana með minnst 2ja vikna fyrirvara. Orkufjarskipti geta hafnað tengingu svo sem ef nægjanlegur forði er ekki til staðar eða líkur eru á því, að mati Orkufjarskipta, að tenging eða tengivinna geti valdið truflunum eða skemmdum á streng, eða haft áhrif á rekstraröryggi.

Aðeins þar til hæfir aðilar mega vinna við strenginn og gera á honum breytingar. Þeir aðilar einir teljast hæfir sem Orkufjarskipti viðurkenna. Leigjandi skal leita fyrirfram samþykkis Orkufjarskipta á þeim aðila sem hann hyggst láta vinna við strenginn. Almennar kröfur til þeirra aðila er að þeir hafi umtalsverða reynslu af vinnu við sambærilega ljósleiðarastrengi, hafi yfir að ráða nauðsynlegum mælitækjum og öðrum verkfærum sem við eiga. Orkufjarskipti áskilja sér rétt til að hafa eftirlit með framkvæmdum Leigjanda.

Leigjandi ber ábyrgð á því að verktakar og aðrir sem Leigjandi fær til að tengja og vinna við ljósleiðarann uppfylli ákvæði samnings þessa. Leigjanda er heimilt að samtengja ljósleiðara með tengisnúru á endatengistöðum við áframhaldandi ljósleiðara og við ljósleiðara í eigu annarra þar sem ljósleiðarastrengur endar í tengihillu eða í tengiboxi.

Leigjanda ber að fara faglega með strenginn og umgangast hann af varúð. Honum ber að gæta þess að valda ekki skemmdum á strengnum né leiðurum hans. Óheimilt er að tengja við ljósleiðara búnað sem ekki er CE-merktur. Búnaður skal uppfylla ákvæði R&TTE 1999/5/EC. Búnaður skal vera byggður í samræmi við staðla sem við eiga um ljósendaþúnað og gilda hér á landi svo sem ITU, ETSI, EN og IEC staðla og reglur Póst og fjarskiptastofnunar. Búnaður má ekki valda skemmdum á ljósleiðara né tengjum svo sem vegna of mikils styrks ljósgjafa og er með öllu óheimilt að tengja við ljósleiðarann búnað sem getur valdið skemmdum á leiðaranum eða strengnum. Leigjandi ber einn ábyrgð á þeim skemmdum sem búnaður hans veldur á strengnum og eða leiðurum í honum.

Strengurinn liggur heill á milli tengingastaða en á leið hans eru tengibox. Þar og aðeins þar má Leigjandi á eigin kostnað og ábyrgð tengja ljósleiðara í öðrum streng við ljósleiðara Orkufjarskipta. Frágangur tengiboxa að lokinni samtengingu skal vera í samræmi við tilmæli Orkufjarskipta, hann skal vera fagmannlegur þannig að strengur og leiðarar liggja vel og án

brota, tengiboxið lokað og IP68 þétt. Sanda skal undir, umhverfis og yfir boxið með um 10cm sandlagi. Þurfi að skipta um tengibox til að koma að streng Leigjanda þá ber hann allan kostnað vegna þess.

Framkvæmdir og vinna við strenginn skulu raska umhverfi sem minnst. Ekkert rask skal verða fyrir utan þau svæði sem skilgreind eru sem framkvæmdasvæði. Skal leitast við að halda stærð framkvæmdasvæða í lágmarki. Ef skemmdir verða á landi, svo sem hjólför, skal Leigjandi ganga frá þeim í verklok með hliðsjón af umhverfinu. Verði rask á landi skal Leigjandi lagfæra þær skemmdir eins og kostur er á sinn kostnað. Við framkvæmdirnar skal tekið tillit til lífríkis á framkvæmdasvæðum og nálægum svæðum eins og kostur er.

Frágangur á öllum tengingum skal vera fagmannlegur. Þess skal gætt að allur búnaður og efni sé af viðurkenndri gerð og unnið fagmannlega úr öllu efni. Sérstaklega skal gæta þess að afgangsefni t.d. strengir sé fjarlæggt jafnharðan af verkstað. Losa skal allt afgangsefni á öruggan hátt og vinnusvæði skal hreinsa vel eftir að vinnu lýkur, þar með er talinn allur frágangur bæði innan- og utanhúss á hverjum tengistað. Öll vinna skal unnin samkvæmt ákvæðum laga og reglna sem um hana kunna að gilda og skal við verkið uppfylla fyllstu öryggiskröfur. Allar ljósleiðaralagnir Leigjanda að og tengingar við streng Orkufjarskipta eru á ábyrgð og kostnað Leigjanda.

Orkufjarskipti geta stöðvað framkvæmdir Leigjanda sem ekki eru í samræmi við kröfur sem Orkufjarskipti setur og Orkufjarskipti geta krafist lagfæringa á frágangi eða öðru sem varðar framkvæmdina. Skal þá Leigjandi þegar lagfæra það sem gert er athugasemdir við á sinn kostnað.

3. Skil í lok samnings

Við lok samnings skal Leigjandi skila ljósleiðaranum til Orkufjarskipta. Hann skal frátengja allan sinn búnað og skila ljósleiðaranum í því ástandi sem hann tók við honum í.

Til greina kemur, verði um það samkomulag milli samningsaðila, að Leigjandi endurtengi ekki ljósleiðarann á þeim stöðum sem Leigjandi hefur tengt aðra ljósleiðara við ljósleiðara Orkufjarskipta. Komi til þess þá skilar Leigjandi ljósleiðaranum í því ástandi sem hann verður þá, með þeim tengingum á nýjum tengistöðum sem Leigjandi hefur bætt við. Orkufjarskipti eignast þá þar með viðbæturnar án þess að fyrir það komi sérstakt endurgjald.

4. Viðhald á samningstíma

Orkufjarskipti sjá um allan rekstur strengsins og viðhald á leigutíma og um allar viðgerðir á strengnum og einstökum leiðurum hans. Leigjanda er með öllu óheimilt að gera við eða láta verktaka eða aðra gera við bilanir eða slit á streng eða leiðara Orkufjarskipta nema samkomulag verði um annað. Slitni strengur eða leiðari, ber Leigjanda að tilkynna um þá bilun til Orkufjarskipta. Orkufjarskipti sjá til þess að viðgerð fari fram svo fljótt sem auðið er.

Bili tenging strengs Leigjanda við streng Orkufjarskipta í eða við tengibox þá ber Leigjanda allan kostnað vegna viðgerðar sem því fylgir.

Ef Leigjandi eða aðilar á hans vegum verða valdir að skemmdum á strengnum eða einstökum leiðurum hans ber Leigjandi einn allan kostnað vegna viðgerða sem þeim fylgja. Leigjanda ber að tilkynna Orkufjarskiptum um allar skemmdir á leiðara og streng sem Leigjandi eða aðilar á hans vegum verða valdir að.

5. Verð og verðbreytingar

Fyrir leigðan ljósleiðara skal Leigjandi greiða Orkufjarskiptum samkvæmt auglýstum texta auk virðisaukaskatts. Leigugjald tekur árlega breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Nýtt leigugjald reiknast í upphafi hvers almanaksárs.

Leigugjald er greitt fyrirfram fyrir þrjá mánuði í senn. Orkufjarskipti gefa út reikning fyrir leigu, dagsettan fyrsta dag fyrsta mánaðar þess tímabils sem leigan er fyrir. Gjaldþagi skal vera 5. dagur mánaðarins og eindagi 20. dagur sama mánaðar. Hæstu leyfilegu dráttarvextir reiknast af gjaldfallinni skuld.

6. Vanefndaúrræði og riftun

Samningsaðilar skulu í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði samningsins og telst brot á samningi þessum vera vanefnd.

Hafi samningsaðili brotið gegn samningi þessum að mati gagnaðila, ber honum að senda skriflega áminningu um úrbætur til brotlega aðilans. Hafi hann ekkert aðhafst innan 30 daga er heimilt að rifta samningi þessum án frekari fyrirvara og verður þá brotlegi aðilinn að bera allan kostnað sem af því hlýst. Hlýti leigjandi ekki tilmælum Orkufjarskipta eða samningsákvæðum um notkun eða umgengni um ljósleiðarann þá er Orkufjarskiptum heimilt að rifta samningi þessum án fyrirvara. Ef leigugjald er ógreitt 90 dögum eftir gjalddaga telst það vanefnd og er Orkufjarskiptum þá heimilt að rifta samningi þessum án fyrirvara. Komi til samningsriftunar er Orkufjarskipta er heimilt til að aftengja ljósleiðara sem Leigjandi hefur til afnota án fyrirvara.

7. Tjón og ábyrgð

Leigjandi á ekki rétt á bótum vegna truflana eða takmarkana á fjarskiptaþjónustu um ljósleiðara sem hann hefur afnot af. Orkufjarskipti ábyrgast að leigður ljósleiðari virki með eðlilegum hætti. Orkufjarskipti undanþiggja sig allri bótaskyldu vegna tilfallandi beins, óbeins og afleidds tjóns af hvaða tagi sem er, sem rekja má til galla eða bilunar í ljósleiðara.

Eftir að samningur tekur gildi kann að vera að ljósleiðarar verði fyrir hnjaski eða slitni af einhverjum orsökum. Viðgerð á ljósleiðaranum getur leitt til þess að eiginleikar hans breytist svo sem að deyfing aukist sem kann að valda því að búnaður Leigjanda eða aðila á hans vegum virkar ekki lengur á viðkomandi leið. Orkufjarskipti taka enga ábyrgð á því og bæta ekki tjón á búnaði, kostnað vegna endurnýjunar búnaðar né neitt annað tjón sem slit eða þessi breyting á eiginleika leiðarans kann að valda.

8. Notkun

Verði bilun á ljósleiðarasambandi skal hún tilkynnt til Orkufjarskipta í síma 5159700. Bilanatilkyningum, viðgerðum og annarri þjónustu vegna leigu á ljósleiðarasamböndum er sinnt virka daga á milli 8:00 og 17:00. Tilkynni leigutaki um bilun í ljósleiðarasambandi og í ljós kemur að ekki er um að ræða bilun í ljósleiðarasamböndum eða búnaði honum tengdum í eigu Orkufjarskipta, innheimtir Orkufjarskipti kostnað vegna útkalls og tæknivinnu samkvæmt gildandi gjaldskrá Orkufjarskipta á hverjum tíma.

Skipulagt viðhald sem framkallar eða kann að framkalla rof á ljósleiðarasamböndum verður tilkynnt leigutaka með hæfilegum fyrirvara. Sérstaklega er bent á að skipulagt viðhald er undirbúið með hliðsjón af rekstraröryggi raforkukerfis landsins og búast má því við að slíkt viðhald fari fremur fram að degi til en að nóttu.

Þar sem ljósleiðarasambönd fara um orkumannvirki kunna að gilda sérreglur um aðgang og umgengni. Þurfi leigutaki af ótilgreindum ástæðum aðgang að slíku mannavirki greiðir leigutaki allan kostnað vegna fylgdarþjónustu starfsmanns Orkufjarskipta samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni.

9. Önnur ákvæði

Um fjarskiptaþjónustu gilda „Lög um fjarskipti, 26. mars, nr. 81/2003 ásamt síðari breytingum. Brot á lögum og reglum Póst- og fjarskiptastofnunar geta valdið tafarlausrí lokun á þjónustu.